



5. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn í Þjónustumiðstöð UMFÍ 12. janúar 2018 kl. 17:30.

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Örn Guðnason (ÖG), Hrönn Jónsdóttir (HrJ), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Gunnar Gunnarsson (GG), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Lárus B. Lárusson (LBL), Gunnar Þór Gestsson (GPÖ), Helga Jóhannesdóttir (HeJ) og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ.

1. **Fundur settur** kl. 17:30
2. **Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra.**
Minnisblað lagt fram.
3. **Laugar í Sælingsdal.** Verið er að ganga frá sölu á Laugum og hefur AIP fundað með tilvonandi eiganda. Leigusamningur er til vorsins 2019. Ungmennabúðanefnd mun skoða aðstöðumál búðanna til framtíðar.
4. **Sambandsráðsfundur undirbúningur.** Svali Björgvinsson verður fundarstjóri fundarins og Þórir Haraldsson mun fara yfir niðurstöður starfshóps um aðild íþróttabandalaga.
5. **Nefndir.** Erindisbréf til nefnda samþykkt og verða þau send til nefndamanna.
6. **Landsmót UMFÍ.** Ómar Bragi Stefánsson kom inn á fundinn og fór yfir helstu áherslur og upplýsingar varðandi landsmótið á Sauðárkróki næsta sumar.
7. **Önnur mál**
 - a) Stjórn NSU mun funda í Þjónustumiðstöð UMFÍ 25. – 28. janúar. Stjórn stefnir á að hitta stjórn NSU við það tækifæri.
 - b) Erindi frá Karatedeild Aftureldingar. Stjórn telur sér ekki fært að verða við erindinu. Framkvæmdastjóra falið að ræða við bréfitara.
 - c) Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að koma með tillögu um fræðslu um netöryggi til sambandsaðila og verklag við meðferð fjármuna.
 - d) Stefnumótun ríkisaðila - UMFÍ. Drög að stefnumótunarskjali fyrir UMFÍ lagt fram til kynningar.
 - e) Erindi frá FÁÍA. Stjórn FÁÍA greinir frá þeirri tillögu stjórnar félagsins að leggja félagið niður. Stjórn UMFÍ þakkar félaginu gott samstarf á liðnum árum og vísar málinu til nefndar um starf eldri ungmennafélaga.
 - f) AIP sat fund með ráðherra, fulltrúum MMRN, ÍSÍ ásamt fulltrúum #metoo hóps íþróttakvenna. AIP falið að vera málsvari UMFÍ í þessu máli gagnvart ráðuneytinu.
 - g) HV og AIP sátu fund með forseta og framkvæmdastjóra ÍSÍ. Rætt um ýmis mál.
 - h) Felix. GG upplýsti að verklokasamningur er á lokastigum. Einnig er unnið að gerð þjónustu- og rekstrarsamnings.
 - i) Stjórn UMFÍ fagnar þeirri ákvörðun KSÍ að jafna árangurstengdar greiðslur á milli kynja.

HrJ ritaði fundargerð.
Fundi slitið kl. 21:36